



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. nóvember 2014

1411012SA GB/TP
Málalykill: 401

Efni: Sérhæfð þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu - frumvarp á 257. máli 144. lþ.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis dags. 24. október sl. var Sambandi íslenskra sveitarfélaga gefinn kostur á að skila inn umsögn um ofangreint þingmál.

Umsögnin fylgir hér á eftir en jafnframt er bent á umsögn sambandsins um úrskurðarnefnd velferðarmála (207. mál). Í inngangi þeirrar umsagnar er farið í gegnum ýmis sjónarmið sem hafa vægi við þá umfangsmiklu endurskoðun sem nú stendur yfir á stjórnslu velferðarmála. Þau atriði hafa ekki síður þýðingu fyrir það frumvarp sem hér er fjallað um. Er velferðarnefnd sérstaklega hvött til þess að líta til heildarmyndarinnar í umfjöllun sinni um bæði þingmálin sem og þau mál sem enn er unnið að á vettvangi ráðuneyta.

Almennt

Sveitarfélögin, og sambandið fyrir þeirra hönd, hafa fylgst allvel með undirbúningi að þeirri sameiningu ríkisstofnana er frumvarpinu er ætlað að ná fram og tekur til (1) Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (GRR), (2) Heyrnar- og talmeinstöðvar og (3) Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Á fundi sem haldinn var í velferðarráðuneytinu þann 9. maí sl. var rætt um frumvarpsdrögin og áherslur sveitarfélaga varðandi þau (sjá meðf. punkta frá fundinum).

Félagsþjónustunefnd sambandsins fjallaði um málið á fundi sínum þann 28. maí þar sem fram kom að leggja þurfi áherslu á vandaða lagalega umgjörð svo að ekki verði til ný grá svæði. Brýnt sé að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýr og þjónustustigið sambærilegt um land allt.

Þá þurfi reglugerðarsmið að hefjast fljótt svo reglugerð geti komið til framkvæmda samhliða gildistöku laga. Vísað er til þess að áriðandi sé, þegar undirbúin er rammalöggjöf af þessu tagi um þjónustu ríkisins, að fyrir liggja hvernig ætlunin sé að útfæra lagarammann í stjórnvaldsfyrirmælum.

Á þetta hefur reynt í undirbúningi fyrirbyggjandi máls þar sem velferðarráðuneytið hefur í raun vísað flestum álitamálum um löggjöfina til reglugerðar sem sett verði á grundvelli laganna. Sveitarfélögin hafa hins vegar misjafna reynslu af slíku fyrirkomulagi því oft líður langur tími frá gildistöku laga og til setningar reglugerða. Auk þess koma einnatt fram nýjar túlkanir í



reglugerðum sem ekki voru fyrirséðar við afgreiðslu þingsins og leiða í mörgum tilvikum til grárra svæða í þjónustunni.

Af þeirri ástæðu hefur sambandið lagt áherslu á að drög reglugerða fylgi slíkum rammalögum þannig að fyrir liggi nokkurn veginn hvernig útfærslan er hugsuð. Hafa má hér hliðsjón af Norðurlöndum þar sem verklag af því tagi þykir sjálfsagt.

Verði það niðurstaðan af meðferð þingsins að málið sé ekki tilbúið til afgreiðslu að svo stöddu er því jafnframt beint til velferðarnefndar að ganga eftir að frumvarpinu fylgi reglugerðardrög þegar það er tekið fyrir að nýju.

Ábendingar félagsþjónustunefndar voru áréttáðar í bréfi til ráðuneytisins dags. 17. júlí sl. (sjá meðf. afrit). Þar var sérstök áhersla lögð á að ný, sameinuð stofnun hafi m.a. það hlutverk að veita víðtæka ráðgjöf og stuðning við framlínuna í þjónustu sveitarfélaganna, einkum á stöðum þar sem ákveðin grunnþjónusta er enn að byggjast upp. Afar brýnt sé að sveitarfélögin geti sótt sérhæfða ráðgjöf og stuðning í flóknum einstaklingsmálum til nýrrar stofnunar og að sú miðlæga þjónusta verði skilgreind sem hluti af verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Því verði að gera ráð fyrir fjármögnun á þessum þáttum samhliða þeirri útvíkkun á þjónustu sem áformuð er á komandi árum.

Um kostnaðarmat

Sambandið hefur kynnt sér umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis á fylgiskjali með frumvarpinu og gerir alvarlegar athugasemdir við það sem þar kemur fram.

Í fyrsta lagi getur það varla talist viðhlítandi mat á áhrifum nýrrar þjónustu af hálfu ríkisins að engin tilraun sé gerð til þess að greina hversu margir einstaklingar kunni að nýta sér útvíkkaða þjónustu. Hér er um lykilmforsendu að ræða sem gera verður kröfu til að liggi fyrir við afgreiðslu stefnumarkandi mála. Er þar m.a. vísað til vinnu sem staðið hefur yfir innan stjórnarráðsins og á meðal annars að skila sér í útgáfu endurskoðaðrar handbókar um lagasetningu

Sé eftir því leitað geta sveitarfélög aðstoðað við greiningu á velferðarþjónustu m.a. við að leggja mat á stærðir hópa. Rétt er hins vegar að geta þeirrar reynslu sveitarfélaga að umræða og vitund um bætt réttindi í velferðarþjónustu leiði til þess að stærstur hluti þess hóps sem í hlut á hverju sinni geri tilkall til þjónustu og láti reyna á væntingar sínar hvað það varðar.

Í öðru lagi ber umsögnin vott um einbera óskhyggju þegar því er haldið fram að rekstrarlegur ávinningur af sameiningu stofnana muni standa undir kostnaði við þau stöðugildi sem aukin þjónusta við fullorðna einstaklinga kallar á. Þvert á móti var sammæli um það milli aðila sem komu að undirbúningi málsins að verulegra viðbótarfjárveitinga væri þörf á komandi árum svo næmi hundruðum miljóna króna. Vísast þar í meðf. gögn.

Í þriðja lagi má lesa þá afstöðu úr umsögninni að þjónusta við ráðgjöf og greiningar eigi að rúmast „innan ramma“ nýrrar stofnunar burtséð frá þörfum. Gefur það til kynna að viðhalda eigi því fyrirkomulagi, sem m.a. hefur



einkennt starfsemi GRR, að notendur séu í bið eftir þjónustu svo mánuðum og misserum skiptir.

Langir biðlistar eru algerlega óásættanlegir í jafnmikilvægri starfsemi og hér um ræðir og einboðið að nýrri stofnun verði strax í upphafi sniðinn stakkur eftir vexti. Þess vegna verður að svara þeirri spurningu hversu mikið viðbótarfjármagn þurfi til starfseminnar.

Þar hljóta opinberir aðilar (ríki og sveitarfélög) að líta á ráðgjöf og hæfingu í viðum skilningi og út frá því sjónarmiði að slíkt starf í þágu einstaklinga sé líklegt til þess að skapa verulegan samfélagslegan ávinning. Af þeirri ástæðu ætti ekki að gera kröfu til þess að lykilstofnanir við ráðgjöf og hæfingu reki sig „innan ramma“ til skemmri tíma lítið. Viðhorf til fjárveitinga ætti fremur að mótast af reynslu og því að útgjaldaauki, jafnvel þótt til lengri tíma sé, muni á endanum skila sér í aukinni virkni og framlagi einstaklinga til heildarinnar.

Nánar varðandi einstakar greinar

Um 1. gr.:

Hér er markmiðum og hlutverkum nýrrar stofnunar lýst með skilmerkilegum hætti. Athuga má þó að í stað orðanna „áhrifum þess“ í 2. mgr. komi: „áhrifum frávíka.“

Um 2. gr.:

Ákvæðið hefur að geyma hefðbundna skipan ríkisstofnunar en ástæða gæti verið til þess að skoða að einhvers konar fagráð starfi við hlið forstjóra. Ráð af því tagi gæti bæði reynst vel til þess að auðvelda samruna ólíkra eininga við sameiningu stofnunarinnar sem og að vera ákveðinn bakhjarl fyrir áframhaldandi faglega samþættingu. Minnt er á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá apríl 2013 er einnig vikið að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Hljóðbókasafni Íslands og talið að vænta megi faglegs ávinnings - og fjárhagslegs - af aukinni samvinnu við þær þrjár stofnanir sem fyrirliggjandi frv. gerir ráð fyrir að muni sameinast með formlegum hætti.

Um 3. gr.

Sambandið lýsir yfir ánægju með að í frv. sé gerð tilraun til að skýra hugtök með nokkuð ítarlegum hætti, þótt jafnframt sé haft í huga að hröð þróun stendur nú yfir m.a. með innleiðingu á Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og lögfestingu barnasáttmálans. Áhersla er lögð á að hugtök greini á milli ólíkra stuðningsþarfa, m.a. að fötlun sé ástand til langframa til aðgreiningar frá ástandi til skemmri tíma sem m.a. heilbrigðismeðferð getur mætt.

Þá er gengið út frá því að í reglugerð verði nánar fjallað um þrepaskiptingu í þjónustuferlinu, þ.e. (1) Skimun, (2) Frumathugun, (3) Greining, (4) Meðferð / þjálfun og (5) Eftirfylgni. Varðandi ábyrgð á þessum þáttum verði höfð hliðsjón af því hvernig verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga hefur mótast á sviði sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla, sbr. reglugerð um það efni.

Um 4. og 5. gr.:

Hér er vísað til þess sem áður greinir um nánari útfærslu í reglugerð. Óhjákvæmilegt er að einhver drög liggi fyrir sem dragi fram helstu þætti í



verkaskiptingu milli nýrrar stofnunar og annarra aðila, m.a. sveitarfélaga hvað varðar þjónustu og Tryggingastofnunar / Sjúkratrygginga hvað varðar hjálpartæki.

Um 6. gr.:

Í 4. mgr. er vísað til starfsnáms í námsgreinum sem tengjast starfssviði nýrrar stofnunar. Æskilegt er að þetta nám sé tengt rannsóknastarfi og því er lagt til að við málsgreinina bætist: „eftir atvikum í tengslum við samstarf um fræðilegar rannsóknir sbr. 2. mgr.“

Ástæða er einnig til þess að nefna hvort rétt sé að taka inn í frumvarpið heimild til handa nýrri stofnun, að fengnu samþykki ráðherra, að stofna eða eiga aðild að fyrirtækjum sem hagnýti niðurstöður þróunar- og rannsóknarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni. Hliðstæðar heimildir eru til staðar gagnvart ýmsum þjónustustofnunum ríkisins og því vert að skoða slíkt fyrirkomulag. Það myndi m.a. stuðla að því að þekking og reynsla haldist innan vébanda nýrrar stofnunar.

Um 7. gr.:

Ekki er gerð athugasemd við að ákvæði um sérfræðiteymi færast frá lögum um réttindagæslu fatlaðs fólks. Með því væri jafnframt undirstrikað að sérfræðiteymi fari með faglega þjónustu en ekki formlega stjórnýslu.

Um 8. gr.:

Sambandið hefur lagt áherslu á að byggt verði upp gagnasafn um þjónustu við fatlað fólk, sem nýtist bæði notendum, ábyrgðaraðilum þjónustu og stjórnvöldum. Fyrirmyndir þess háttar gagnasafna eru til í nágrannalöndum m.a. Danmörku.

Mikilvægt er að þáttur nýrrar stofnunar í þessari uppbyggingu verði skilgreindur en sambandið telur einboðið að stofnunin (ásamt velferðarráðuneyti) leiki þar lykilhlutverk við hlið Hagstofu Íslands. Sambandið lýsir sig reiðubúið að koma að málinu fyrir hönd sveitarfélaganna, í samræmi við stefnumörkun þeirra fyrir komandi ár.

Um 9. og 11. gr.:

Að teknu tilliti til þess sem fram kom við undirbúning málsins gengur sambandið út frá því að gjaldskrár skv. þessari grein hafi ekki áhrif á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Með sama hætti verði ekki teknar formlegar stjórnvaldsákvæðanir um þá starfsemi stofnunarinnar sem snýr að sveitarfélögunum, sbr. m.a. 7. gr. Komi upp stór álitamál um verka- og kostnaðarskiptingu milli nýrrar stofnunar og sveitarfélaganna fái þau umfjöllun í samstarfsráði skv. 128. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá er það forsenda þess að ný stofnun þjóni landinu öllu í reynd að gert sé ráð fyrir ferðakostnaði sérfræðinga hennar þegar þeir sinna meðferð, þjálfun og eftirfylgni. Minnt er á að það stríðir gegn jafnræði notenda að ætla þeim að sækja alla þjónustu miðstöðvarinnar á einn stað.



Tillaga að nýrri grein:

Að álit sambandsins er nauðsynlegt að lagarammi nýrrar stofnunar sé alveg skýr um heimildir hennar til þess að taka þátt í teymisvinnu um einstaklingsmálefni með sérfræðingum og ráðgjöfum sveitarfélaga og annarra aðila. Meginreglur í íslenskum stjórnsýslurétti gera strangar kröfur til lagaheimildar fyrir samstarfi af því tagi auk þess sem gæta þarf persónuverndarsjónarmiða varðandi aðgang fleiri en eins stjórnvalds að upplýsingum um greiningar og mat á stuðningsþörfum.

Lagt er til að inn í frumvarpið komi ný sjálfstæð grein (eða mögulega viðbót við 8. gr.) svohljóðandi:

Sérfræðingum miðstöðvarinnar er heimilt að taka þátt í teymisvinnu með fagfólki sveitarfélaga og annarra stofnana, til þess að fylgja eftir niðurstöðum greininga og mats á stuðningsþörfum einstaklinga. Ráðherra skal í reglugerð, að fenginni umsögn Persónuverndar, kveða nánar á um þátttöku í teymisvinnu og hvernig samráð við notanda er tryggt.

Samandregið

Óhjákvæmilegt er að leggja umtalsverða vinnu í frumvarpið áður en til þess getur komið að önnur umræða fari fram um það á þinginu. Gera þarf raunhæft kostnaðarmat vegna nýrrar þjónustu og stuðnings við framlínuna í þjónustu sveitarfélaganna. Ennfremur þarf að setja niður ákveðin drög að þeirri útfærslu sem fylgja mun í kjölfar lagasetningar. Sambandið lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í þeirri vinnu að því marki sem óskað verður eftir.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Meðf.: Punktar frá fundi 9. maí 2014
Bréf sambandsins til VFRN dags. 17. júlí 2014

Velferðarráðuneytið
b.t. Bolla Þórs Bollasonar
Hafnarhúsi við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Reykjavík 17. júlí 2014

1403060SA TP
Málalykill: 400

Efni: Sameining þjónustustofnana sem sinna fötluðu fólki

Vísað er til fundar í velferðarráðuneytinu, sem haldinn var þann 9. maí sl. þar sem ofangreint málefni var til umfjöllunar.

Meðfylgjandi minnisblað var tekið saman af starfsmönnum sambandsins sem sátu fundinn fyrir þess hönd. Minnisblaðið var lagt fyrir félagsþjónustunefnd sambandsins á fundi þann 28. maí sl., þar nefndarmenn voru sammála um að vanda þurfi hina lagalegu umgjörð um þjónustuna svo að ekki verði til grá svæði. Brýnt sé að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýr og þjónustustigið sambærilegt um land allt. Þá þurfi reglugerðarsmið að hefjast fljótt svo reglugerð geti tekið gildi samhliða gildistöku laganna.

Minnisblaðið er hér með sent ráðuneytinu til upplýsingar en sambandið vill jafnframt leggja megináherslu á að það atriði sem rætt var á umræddum fundi þann 9. maí að ný, sameinuð stofnun eigi ekki að vera hreinræktuð „þriðja stigs stofnun“ heldur sé gengið út frá því að stofnunin muni hafa hlutverk á öðru stigi og jafnvel niður á fyrsta stig þar sem grunnþjónusta er ekki til staðar fyrir. Óskar sambandið eftir því að velferðarráðuneytið staðfesti fyrir sitt leyti þennan skilning með vísan til minnisblaðsins.

Jafnframt verður væntanlegur lagarammi að styðja nýja stofnun í því hlutverki að veita víðtæka ráðgjöf og stuðning við framlínuna í þjónustu sveitarfélaganna. Afar brýnt er að sveitarfélögin geti sótt sérhæfða ráðgjöf og stuðning í flóknum einstaklingsmálum til nýrrar stofnunar og að þessi þjónusta verði skilgreind sem hluti af verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Því eigi að gera ráð fyrir fjármögnun á þessum þáttum samhliða þeirri útvíkkun á þjónustu sem áformuð er fram til ársins 2021.

Eins og fram kemur í minnisblaðinu er viðhorf sambandsins almennt jákvætt til sameiningar þjónustustofnana sem sinna fötluðu fólki, en tryggt þarf að vera að unnið sé að málinu á grundvelli ofangreindra tveggja atriða.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Tryggvi Þórhallsson
lögfræðingur



**Fundur í VFRN 9. maí 2014 til umræðu um
sameiningu þjónustustofnana sem sinna
fötluðu fólki**

15. maí 2014

1403060SA TP
Málalykill: 400

Til fundarins var boðað af VFRN og af hálfu sambandsins sátu hann GyH og TrP. Af hálfu VFRN sátu fundinn Bolli Þór Bollason, Rún Knútsdóttir, Ingibjörg Broddadóttir, Þór G. Þórarinsson og Sigríður Jónsdóttir. Af hálfu MMRN sat fundinn Ragnheiður Bóasdóttir.

Umræðuefni fundarins voru drög að frumvarpi um Straumhvörf – sérhæfða þjónustumiðstöð sem FHRH kynnti nýverið. Fyrir liggur (nánast frágengin) áfangaskýrsla verkefnisstjórnar (dags. í apríl 2014) um sameiningu þeirra stofnana sem um ræðir, en þær eru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR), Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga (ÞPM) og Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands (HTÍ). Auk þess hefur verið fjallað um möguleika þess að fleiri aðilar geti farið undir hatt nýrrar stofnunar, þar á meðal Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, TMF Tölvumiðstöð, Proska- og hegðunarmiðstöð og Hjálpartækjamiðstöð sem starfrækt er af Tryggingastofnun ríkisins (TR).

Sambandið átti ekki aðkomu að verkefnisstjórninni en upplýsingar um vinnuna hafa borist í gegnum þátttöku fulltrúa sambandsins í öðrum verkefnum, m.a. um framkvæmdaáætlun II um þjónustu við heyrnarlausra, heyrnarskerta og dauflinda einstaklinga 2014 – 2020 (1301010SA).

Á fundinum þann 9. maí var fjallað um málefnið með neðangreindum hætti:

- Fulltrúar VFRN fóru yfir hvernig frumvarpsdrögin væru að þróast með tilliti til athugasemda og ábendinga frá þeim stofnunum sem eiga í hlut og samtökum notenda. Hjálpartækjamiðstöð TR hefur verið nefnd sérstaklega en að svo stöddu er ekki miðað við að sameining taki til þeirrar stofnunar. Hins vegar er lagt upp með að lagarammi nýrrar stofnunar verði það rúmur að hægt sé að víkka starfsemina út. Nefnt var að Proska- og hegðunarmiðstöð sem í dag er starfrækt af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins gæti færst undir nýju stofnunina þegar fram líða stundir.
- Í athugasemdum sem fram eru komnar er m.a. vikið að faglegum grundvelli nýrrar stofnunar og tengingum annars vegar við heilbrigðiskerfið og hins vegar félagsþjónustukerfið. Gæta þarf ákveðins jafnvægis hvað þetta varðar og tryggja samfellu milli stjórnsýslusviða þeirra ráðherra sem koma að málinu.
- Áhyggjur eru uppi um að hægt sé farið í innleiðingu þjónustu gagnvart fullorðnum þjónustunotendum, en í fyrirbyggjandi drögum er gefinn tími allt til ársins 2021 að þjónusta nýrrar stofnunar verði óháð aldri.

- Gjaldtökuákvæði eru einnig nefnd, en tekið var fram af fulltrúum VFRN að þær væru hliðstæðar og í gildandi lögum um hlutaðeigandi stofnanir. Ekki væru uppi áform um breytingar á kostnaðarhlutdeild notenda.
- Fulltrúar ráðuneytanna tóku fram að tímamark breytinga skv. drögum myndi ekki nást og að hugmyndin væri nú að sameining gæti formlega átt sér stað um mitt ár 2015.
- Fulltrúar sambandsins lýstu almennt jákvæðu viðhorfi til frumvarpsdraganna og töldu að slík skipulagsbreyting gæti boðið upp á ýmis tækifæri. Ef vel tækist til við að nýta tækifærin gæti það leitt til betri þjónustu fyrir notendur og skýrari verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga.
- Fulltrúar sambandsins fengu staðfest hjá ráðuneytum að hugmyndin nú gengi ekki út á hreinræktaða „þriðja-stigs stofnun“, þar sem fyrir liggja að miðstöðin muni hafa hlutverk á öðru stigi og jafnvel niður á fyrsta stig þar sem grunnþjónusta er ekki til staðar fyrir. Var lögð áhersla á það af hálfu GyH og TrP að þessi hlutverk á öðru og fyrsta stigi væru skýr sem og að notendahópar séu vel skilgreindir. Ráðuneytin bentu á að þróun í málaflokknum skipti hér einnig máli og að nýrri stofnun væri ætlað að styrkja sveitarfélögin við að veita þjónustu á fyrsta og öðru stigi. Til framtíðar eigi að miða við að öll grunnþjónusta sé á hendi sveitarfélaga.
- Rætt var um 1. gr. í drögum sem mælir fyrir um að hlutverk nýrrar miðstöðvar sé að veita sérhæfða þjónustu á sviði ráðgjafar, greiningar, hæfingar og endurhæfingar. Fulltrúar sambandsins bentu á að samspil þjónustukerfa snerti ekki einungis verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga heldur einnig þjónustukerfi vinnumarkaðar og starfstengda endurhæfingu. Skilgreiningar á markmiðum hæfingar þurfi að vera skýrar í lögum til þess að gráum svæðum sé eytt en ekki viðhaldið.
- Nokkur umfjöllun var um skilgreiningu á „fötlun“. Fulltrúar sambandsins bentu á að skoða þurfi þetta atriði vandlega með tilliti til (1) lagaframkvæmdar eins og hún hefur verið og (2) nýrra skilgreininga sem eru að koma inn m.a. í boðaðri innleiðingu á mismununartilskipunum ESB. Fram kom hjá VFRN að jafnvel kæmi til greina að sleppa skilgreiningunni en byggja þess í stað á útlistun notendahópa.

Verði skilgreiningin inni lagði sambandið áherslu á að kríterían um „aðstoð til langframa“ væri útfærð í skýringargögnum til þess að ljóst sé m.a. að áföll og sjúkdómar, sem heilbrigðis meðferð er við, teljist ekki til fötlunar.

- Verkefnum nýrrar stofnunar er lýst með ítarlegum hætti í 4. gr. en fram kom að sú upptalning yrði jafnvel stytta. Fulltrúar sambandsins lögðu áherslu á þau verkefni sem snúa að viðtækri ráðgjöf og stuðningi við framlínu í þjónustunni.
- Rætt var um niðurlag 4. gr. þar sem fram kemur að ráðherra (FHRH) geti með reglugerð þrengt verkefni stofnunarinnar skv. upptalningu. Fram kom að þessu ákvæði yrði að líkindum breytt og að hugmyndin að baki hefði verið að

straumlínulaga starfsemina þar sem upptalning verkefna væri mjög viðamikil. Ætlunin hafi ekki verið sú að „þrenging verkefna“ kæmi til gagnvart sveitarfélögum eða til þess að undirbúa þá þróun að öll þjónusta á fyrsta og öðru stigi færist yfir til sveitarfélaga.

- Í 9. gr. draganna segir að miðstöðin geti með sérstökum samningum annast sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla. Um er að ræða verkefni sem ný stofnun myndi annast gegn gjaldi en óvíst er hvort eftirspurn er eftir því. Þá hafa verið gerðar athugasemdir við að þetta sé starfsemi þar sem samkeppnissjónarmið kunni að koma upp. Af þeirri ástæðu kemur til álita að taka ákvæðið út úr drögunum.

TrP benti á að skoða ætti lagaheimildir nýrrar stofnunar með heildstæðum hætti, m.a. varðandi þátttöku í nýsköpun og tækniþróun.

Ráðuneytin munu upplýsa sambandið um framvindu málsins og þær breytingar sem frumvarpsdrögin munu taka.